

Áfangalýsing – Enska



Menntaskóli Borgarfjarðar

Námsgrein: ENSK2LT06

Fjöldi framhaldsskólaeininga: 6

Undanfari: ENSK2LS06

Lýsing á efni áfangans:

Í áfanganum er lögð áhersla á sjálfstæðan lestur, málfræði, verkefnagerð og talmál. Kennsla fer fram á ensku og ætlast er til þess að nemendur svari kennara á ensku. Einnig er mikilvægt að nemedur geti með góðu móti lesið 3 skáldsögur yfir önnina og gerðar eru meiri kröfur um sjálfstæð vinnubrögð en í undanfara. Áfram er haldið með alhliða tal og talmálsþjálfun með mismunandi hætti en Veraldarvefurinn er ótæmandi upplýsingabanki þar sem nemendur sjálfir afla sér upplýngna og geta þannig hlustað á tónlist, notið upplesturs og annars konar fræðslu. Nemendur eiga að geta lesið talsvert þunga texta t.d úr dagblöðum, tímaritum og af fréttasíðum. Einnig þurfa þeir að kunna skil á þeim ólíku skáldverkum sem tekin verða til umfjöllunar og unnin verða verkefni úr. Áhersla er lögð á að auka orðaforða og nemendur eiga að geta skilið einfalt, ótextað sjónvarpsefni eða hlustunarefni og getað fylgst með og skilið orðaræðu um ólíka efnisflokka, en til þess nýtum við þá miðla sem völ er á. Í skriflega þættinum er gerð krafa um flóknari setningaskipan, námkvæmari orðaforða og skipulegri framsetningu en í fyrri áfanga.

Kennslugögn:

Total English, Advanced, text book
Of Mice and Men: John Steinbeck
A View from the Bridge: Arthur Miller
No 1 Ladies' Detective Agency: Alexander, McCall- Smith
Gagnvirkar málfræðiæfingar á Netinu
Snara.is, Orðabók.is,
eða Orðabók: ensk-íslensk

Námsmat:

Ritgerð: 20%

Myndbandsverkefni: 15%

Skriflegar kannanir: 15%

Munnleg próf: 10%

Einstaklings- og hópaverkefni: 30%

Frammistöðueinkunn: 10%

Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- ólíkum enskumælandi menningarheimum, t.d. Ástralíu og Nýja Sjálandi
- ólíkum þjóðfélagsaðstæðum bæði í Bretlandi og N-Ameríku
- daglegu lífi og menningu, t.d. stjórnsmál um og mannlífi

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- kynna sér tiltekna þætti í menningu enskumælandi landa
- tjá sig á ensku í kennslustundum
- nota ýmsar tegundir upplýsinga og gagna við almenna gagnaöflun, t.d. við ritgerðasmíð

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fjalla munnlega og skriflega um menningu ólíkra enskumælandi samfélaga
- glíma við erfiðari bókmenntatexta
- átta sig á tengingu við önnur fög í náminu í gegnum enskuna